

Áttundi fundur samstarfsnefndar vegna sameiningaviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar
9. júní 2023, kl: 11:00.

Mætt voru:

Jóhann Örn Hreiðarsson frá Tálknafjarðarhreppi

Lilja Magnúsdóttir frá Tálknafjarðarhreppi

Ólafur Þór Ólafsson frá Tálknafjarðarhreppi

Jón Árnason frá Vesturbyggð

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir frá Vesturbyggð

Þórdís Sif Sigurðardóttir frá Vesturbyggð

Guðrún Eggertsdóttir og Jenný Lára Magnadóttir boðuðu forföll

Bryndís Gunnlaugsdóttir frá KPMG. Bryndís ritaði fundargerð.

I. Niðurstöður íbúafunda

Farið var yfir niðurstöður íbúafunda og almennar umræður um íbúafundina

KPMG falið að uppfæra stöðugreiningu og forsendur út frá umræðum og niðurstöðum íbúafunda og leggja fyrir næsta fund samstarfsnefndar. Einnig var KPMG falið að opna íbúakönnun þannig að þeir íbúar er ekki gátu mætt á íbúafundina hafi kost á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

II. Skilabréf og álit samstarfsnefndar

Farið var yfir drög að skilabréfi og álit samstarfsnefndar til sveitarstjórna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

KPMG falið að uppfæra drögin í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir næsta fund samstarfsnefndar.

III. Framtíðarsýn fyrir sameinað sveitarfélag

Farið var yfir drög að framtíðarsýn fyrir sameinað sveitarfélag út frá vinnu starfshópa og niðurstöðum íbúafunda.

KPMG falið að uppfæra drögin í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir næsta fund samstarfsnefndar.

IV. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13:00.